

tveggja króna álagningu. Hefir hann ekki getað sagt um, hve mikinn ágóða hann hafi haft af áfengissölu þessari, en hann hafi varið honum fyrir áfengi handa sjálfum sér.

Með áfengissölu þessari hefir kærður gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og 600 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 30 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Berent Karl Berentsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og greiði 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 9. apríl 1938.

Nr. 78/1937. **Jóhanna M. Pálsdóttir**

(Stefán Jóhann Stefánsson)

gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Um greiðslu sjúkrasamlagsgjalds fyrir framfærslustyrkþegja.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 14. ágúst f. á., hefir fengið

gjafsókn í því og sér skipaðan talsmann fyrir hæstarétti. Hefir áfrýjandi gert þessar kröfur fyrir hæstarétti:

A) að stefndi verði dæmdur til að greiða lágmarks-iðgjöld hennar vegna til sjúkrasamlags Reykjavíkur frá því það tók til starfa þann 1. júlí 1936 og til 31. marz 1937 og

B) að stefndi verði dæmdur til að greiða lágmarks-iðgjöld hennar vegna til sama sjúkrasamlags frá 1. apríl 1937 og áfram meðan hún nýtur fasts framfærslustyrks úr bæjarsjóði Reykjavíkur, svo sem verið hefir. Ennfremur krefst áfrýjandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað í hér-aði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndi hefir kraf-izt staðfestingar á héraðsdóminum og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Um A). Mál þetta er höfðað með stefnu 6. apríl 1937, og virðist þannig kröfuliður sá, er hér segir, taka til sjúkrasamlagsiðgjalda áfrýjanda fyrir tíma-bilið frá stofnun sjúkrasamlags Reykjavíkur og þangað til mál þetta var höfðað. Samkvæmt vott-orði borgarritara, dags. 23. marz f. á., sem lagt hefir verið fram í málinu, hefir áfrýjandi fengið kr. 373.57 í framfærslustyrk úr bæjarsjóði Reykjaví-ur á árinu 1936 og kr. 95.50 í framfærslustyrk úr sama sjóði frá 1. janúar 1937 til þess tíma, er vott-orðið var gefið. Hefir styrkurinn að jafnaði verið greiddur mánaðarlega, en stundum jafnvel á styttri fresti. Þar sem áfrýjandi þannig óslitið hefir notið nokkurs framfærslustyrks úr bæjarsjóði frá því sjúkrasamlag Reykjavíkur tók til starfa þann 1. júlí 1936 og til marzloka 1937, þá verður að telja, að hún

hafi verið á föstu sveitarframfæri í Reykjavík á þessu tímabili og að stefnda hafi verið á sama tíma lögskýlt samkvæmt 37. gr. laga nr. 26 frá 1936, um alþýðutryggingar, að inna af hendi iðgjöld hennar til sjúkrasamlags Reykjavíkur. Af stefnda hálfu hefir nú verið höfð uppi sú varnarástæða, að áfrýjandi eigi ekki aðild máls þessa, heldur sjúkrasamlag Reykjavíkur. Það varðar að visu áfrýjanda almennt hagsmunalega, að viðurkennt sé með dómi, að á stefnda hvili eða hafi hvílt lögskylda til að greiða lágmarksiðgjöld áfrýjanda til sjúkrasamlagsins fyrir tímabil það, er hér um ræðir, en að því athuguðu, að áfrýjandi hefir ekki um oftnefnt tímabil orðið aðnjótandi réttinda þeirra, sem þátttaka í sjúkrasamlaginu hefir í för með sér, þá verður ekki litið svo á, að það út af fyrir sig skipti hana máli nú eftir á, að stefndi verði dæmdur til greiðslu iðgjalda fyrir tímabil þetta, og verður þess vegna að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Um B). Hér virðist vera um að tefla iðgjöld áfrýjanda til sjúkrasamlags Reykjavíkur, sem kræf hafa orðið eftir að mál þetta var höfðað og verða kræf, meðan áfrýjandi kann að njóta fasts framfærslustyrks úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Eins og máli þessu er farið, þá virðist kröfuliður þessi ekki vera nægilega ákveðinn til þess að dómur verði á hann lagður, og ber þess vegna að vísa honum frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti, er ákveðst kr. 150.00, greiðist úr rikissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóhönnu M. Pálsdóttur, þeim er greinir í kröfulið A hér að framan. Kröfum áfrýjanda, þeim er greinir í kröfulið B hér að framan, vísast frá héraðsdómi.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóhanns Stefánssonar, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. maí 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er að fengnu gjafsóknarleyfi höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. apríl 1937 af Jóhönnu M. Pálsdóttur, Laugavegi 68 hér í bæ, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, og gerir stefnanda þær réttarkröfur, að stefndur borgarstjóri verði f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur skyldaður til að greiða iðgjöld hennar til Sjúkrasamlags Reykjavíkur frá því að það tók til starfa og á meðan hún nýtur styrks þess úr bæjarsjóði, er hún nú nýtur og síðar getur. Þá krefst stefnandi og, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkv. mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Með lögum nr. 26 frá 1936, um alþýðutryggingar, er hverjum manni eldri en 16 ára gert að skyldu að greiða mánaðarlega iðgjald til sjúkrasamlaga þeirra, er stofnuð verði eftir lögunum. Í samþykktum sjúkrasamlags þess, er stofnað var í Reykjavík samkv. lögunum og nefnt var Sjúkrasamlag Reykjavíkur, er svo ákveðið, að lægsta mánaðariðgjald skuli vera fjórar krónur. Í 37. gr. alþýðutryggingarlaganna er svo ákveðið, að bæjar- og sveitarsjóðir skuli greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarfram-

færi, og 26. júní 1936 ákvað bæjarráðið í Reykjavík að greiða iðgjöld til Sjúkrasamlags Reykjavíkur fyrir þá þurfamenn, sem væru á fullu framfæri bæjarins, og heimilaði jafnframt fátækrastrjórninni að greiða auk þess iðgjöld til sjúkrasamlagsins fyrir aðra, sem framfærslunefndin teldi hagkvæmt, að keyptu sjúkratryggingu þar. Þessi ákvörðun bæjarráðs var síðan samþykkt á bæjarstjórnarfundi 16. júlí 1936.

Stefnanda, sem notið hefir fátækrastrýks frá Reykjavíkurbæ síðan í október 1935 og nýtur enn þá, telur bæjarsjóði skv. síðastnefndri grein alþýðutryggingarlaganna skylt að greiða iðgjöld sín til sjúkrasamlagsins, enda kveður hún sér það ómögulegt sjálfri sökum féleysis. Hún sneri því til bæjarstjórnarinnar og baðst þess, að iðgjöld þessi yrðu greidd fyrir sig úr bæjarsjóði. Hinn 26. nóv. 1936 var þessari beiðni hennar synjað á fundi framfærslunefndar með 3 atkv. gegn 2. Hinn 27. nóv. 1936 skrifaði hún atvinnu-málaráðuneytinu og tjáði því þau málalok, er erindi hennar um sjúkratryggingariðgjöldin hafi hlotið, og baðst úrskurðar ráðuneytisins um það, hvort hún, sem bærinn greiddi reglulega húsaleigu fyrir, yrði ekki að teljast á föstu framfæri bæjarins og ætti því rétt á, að bærinn greiddi fyrir hana sjúkratryggingariðgjöld skv. alþýðutryggingarlögunum.

Hinn 15. desember 1936 var stefndum með bréfi atvinnu-málaráðuneytisins tjáð, að ráðuneytið teldi bæjarsjóði skylt að greiða umrædd iðgjöld fyrir stefnöndu, en þar eð stefndur fékkst ekki til að greiða þrátt fyrir þetta, þá höfðaði stefnanda mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur og byggir hún þær á því, að hún hafi verið og sé á föstu framfæri bæjarins í þeirri merkingu, sem 37. gr. alþýðutryggingarlaganna noti þau orð.

Stefndur byggir hinsvegar sýknukröfu sína á því, að stefnanda sé ekki á föstu framfæri bæjarins í merkingu 37. gr. alþýðutryggingarlaganna. Til þess að svo yrði talið telur hann styrkinn til hennar allt of lágan (kr. 373.57 árið 1936), og þegar lögin tali um, að sveitar- og bæjarsjóðir skuli greiða iðgjöld fyrir menn, sem séu á föstu framfæri, þá falli ekki undir það ákvæði menn, sem njóti óverulegs styrks frá bænum, t. d. aðeins fyrir húsaleigu, heldur einungis þeir, sem séu á fullu framfæri hjá bænum.

Úrslit máls þessa velta á því, hvernig skilja beri 37. gr.

alþýðutryggingarlaganna, og verður því að taka hana til sérstakrar athugunar hér.

Af samhengi næstu þriggja greina á undan við 37. gr. virðist það ljóst, að ákvæði hennar um iðgjaldsgreiðslu fyrir menn á föstu sveitarframfæri eru sett með hag samlaganna fyrir augum. Ef bæjarsjóður innti ekki af hendi iðgjöld þessi, væri það samlagið, sem væri aðili þess máls gegn bæjarsjóðnum. Greinin segir að visu, að iðgjaldið skuli ekki teljast „sveitarstyrkur“, en það breytir engu um aðstöðu styrkþegans gagnvart bæjarsjóði. Tilvitnað orð og hugtak var áður numið úr lögum, en iðgjaldsgreiðslan verður að teljast framfærslustyrkur hliðstæður þeim styrk, sem greinir í 63. gr. framfærslulaganna. Allan framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvorstveggja í senn, hagsmuna almennings og þarfa styrkþega, en þetta mat heyrir undir sveitar- og bæjarstjórn, en ekki styrkþega sjálfan, og er stefnandi því ekki aðili þessa máls, þó hún teldist á föstu sveitarframfæri, og leiðir það þegar til sýknu stefnds. En nú er ennfremur í 37. gr. getið flokks manna, sem bæjarstjórn greiðir því aðeins iðgjöld fyrir, að hún telji ástæðu til að halda þeim í tryggingu. Engir þessara manna hafa lögvarða kröfu til, að greidd séu fyrir þá iðgjöld úr bæjarsjóði. Það er bæjarstjórnarinnar að meta það, hvað hagkvæmast er í hverju falli. En í þessum flokki virðast aðeins koma til greina menn, sem hætta er á, að annars falli bæjarsjóði til byrði.

Sjúkrasamlagssvæði og framfærsluumdæmi Reykjavíkur falla saman, en framfærslustyrk skal veita þeim, er eigi geta aflað sér þess, er hann má ekki án vera, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, en framfærslustyrk skal haga svo sem bæjarstjórn telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Það verður nú ekki séð, að alþýðutryggingarlögin, og þá sérstaklega ekki 37. gr. þeirra, breyti nýnefndu ákvæði framfærslulaganna viðvikjandi framfærslustyrk, sem veittur er með læknishjálp eða aðhjúkrun í veikindum, þannig að hinn framfærði sjálfur eigi kröfu til, að framfærslustyrkurinn sé veittur með iðgjaldagreiðslu fyrir hann í sjúkrasamlagið. Heldur virðist það einmitt bæjarstjórnar að meta það, hvort hagkvæmara er. Hinn framfærði á kröfu til þessa framfærslustyrks og missir því einkis réttar, þótt bæjarstjórn kjósi

að kosta veikindin og læknishjálpinu án miðlunar sjúkra-samlagsins.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfu stefnöndu, en eftir málavöxtum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnöndu, Jóhönnu M. Pálsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 27. apríl 1938.

Nr. 37/1938. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Axel Ármanni Þorsteinssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, greiði all-